

**Nd.**

**486. Nefndarátt**

um frv. til vatnalaga.

**Frá meiri hluta vatnamálanefndar.**

Frumvarp þetta var afgreitt frá háttv. efri deild 5. þ. m. Höfum vjer undirritaðir nefndarmenn vatnamálanefndar neðri deildar síðan margsinnis beðið formann nefndarinnar að halda fund um málið, en árangurslaust að þessu. Er nú svo áliðið þingtíma, að eigi má lengur draga málið, og teljum vjer oss því knúða til að bera fram álit vort nú þegar, þótt ekki höfum vjer átt kost á að halda formlegan fund um málið.

Frumvarpið er að þessu sinni borið fram af landsstjórninni í sama formi og það lá fyrir Alþingi 1921, en með nokkrum breytingartillögum. Hefir háttv. Ed. nú afgreitt það með nokkrum þessara breytinga, en einnig með nokkrum breytingum frá nefnd þeirri, er að málinu vann á þingi 1921, og ýmsum nýjum breytingum, er fram hafa komið í deildinni.

Frumvarpið er að allri undirstöðu bygt á stefnu minni hluta vatnamálanefndar frá 1919, og að því leyti í samræmi við eldri lög og landsrjett um þessi efni. Hinsvegar er fjöldi nýmæla tekinn upp í frumvarpið og miklu viðtækari og fleiri takmarkanir settar umráðarjetti einstaklinga yfir vatnsrjettindum en áður hafa verið í íslenskri löggjöf. Verður reynslan að skera úr um það, hvernig þau nýmæli reynast.

Vatnamálið liggur nú í 5. sinn fyrir Alþingi, og hefir það jafnan reynst mjög tímafrekt og þungt í vöfum, enda býið að eyða til þess meiri fyrirhöfn, fje og tíma en til nokkurs annars máls, er samtímis hefir legið fyrir.

Vjer álitum að visu, að ýms ákvæði frumvarpsins mætti á annan veg betur fara, en ósýnt mundi um samkomulag, ef nýjar breytingar skyldi upp

taka, enda teljum vjer frágang háttv. Ed. á málinu vel við unandi og búningsbót þess mikla þar i deildinni.

Allra hluta vegna teljum vjer æskilegast, að þetta mál geti fengið fulln- aðarafgreiðslu frá þinginu að þessu sinni og fulla nauðsyn á samstæðri vatns- rjettindalöggjöf i landinu, ekki sist vegna þess, að sjerleyfislöggjöf eftir lands- háttum vorum og þörfum verður eigi komið á fyr en vatnsrjettindalöggjöf er ákveðin, en sjerleyfislög álitum vjer sjálfsagt að setja áður leiðir opnast af nýju til stórfeldra framkvæmda með notkun vatnsorku.

Út af framansögðu leyfum vjer oss því að ráða neðri deild til að samþykkja frumvarpið frá 1921 með þeim breytingum einum, sem efri deild hefir á því gert og taldar eru á þingskjölum 236, 268 og 271.

Alþingi, 23. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson,  
skrif. og frsm.

Hákon Kristófersson.

Lárus Helgason.